

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað tölunnar „13“ í lok 1. másl. 1. mgr. 3. gr. a. reglnanna kemur: 12.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „sjúkraþjálfun“ í 2. mgr. kemur: sjúkraþjálfunarfræðum.
- b. Í stað orðsins „sjúkraþjálfun“ í a-lið núverandi 3. mgr. kemur: sjúkraþjálfunarfræði.
- c. Á eftir 2. mgr. bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
 - Fjöldi nemenda á 1. námsári í geislafræði takmarkast við töluna 12.
 - Fjöldi nýrra nemenda í MS-námi í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 30.
- d. Í stað orðsins „læknadeild“ í 1. másl. núverandi 3. mgr. kemur: grunnnámi.
- e. Á eftir núverandi 3. mgr. bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
 - Ef þeir sem sækja um að hefja MS-nám í sjúkraþjálfun, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:
 - a. Einkunnum á BS-prófi í sjúkraþjálfunarfræðum.
 - b. Starfsreynslu.
 - c. Tíma og námi frá lokum BS-prófs í sjúkraþjálfunarfræðum.
 - d. Birtingum í ritrýndum tímaritum.
 - e. Greinargerðum um fyrirhugað starfsval.
 - f. Meðmælabréfum.
 - g. Viðtölum ef þurfa þykir.
 - h. Inntökuprófi ef þurfa þykir.
 - Sérstök inntökunefnd námsbrautar í sjúkraþjálfun annast val nemenda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
 - Fjöldi nýrra nemenda í MS-námi í hagnýtri sálfræði takmarkast við töluna 15.
- b. 1. másl. núverandi 2. mgr. orðast svo:
 - Ef þeir sem sækja um að hefja nám á hvorri námsleið um sig, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

4. gr.

1. mgr. 8. gr. reglnanna fellur brott.

5. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum fræðasviða og deilda háskólans, eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi og verður beitt frá og með háskólaárinu 2017-2018.

Háskóla Íslands, 14. desember 2016.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.